

Samkomulag
um breytingu á kjarasamningi
milli
Samtaka atvinnulífsins
og
Kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands, Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands,
Stéttarfélags byggingafræðinga og Stéttarfélags tölvunarfræðinga
dags. 14. mars 2011

Grein 6.7.1 í kjarasamningi aðila orðist svo:

Starfsmaður greiðir 4% af launum í lífeyrissjóð og atvinnurekandi greiðir 8,5% mótframlag. Mótframlag atvinnurekanda hækkar og verður:

Frá 1. júlí 2017: 10,0%

Frá 1. júlí 2018: 11,5%

Um skiptingu gjaldsins í samtryggingarsjóð og séreignarsjóð fer samkvæmt lögum um lífeyrissjóði og eftir atvikum samþykktum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs.

Óski starfsmaður þess að eiga aðild að lífeyrissjóði þar sem lágmarksiðgjald er hærra en samkvæmt framansögðu er heimilt að semja um viðbótarframlag.

Samkomulag þetta gildir frá 1. nóvember 2016.

Reykjavík, 18. nóvember 2016

F.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. hlutaðeigandi stéttarfélaga

